

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



Reykjavík 29. mars 2017
UST201702-240/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007 – 2027, Stöðvarfjörður, tillaga að breytingu

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðarbyggðar á Stöðvarfirði.

Skipulagssvæðið

Í ofangreindri tillögu kemur fram að landnotkun breytist í vestasta hluta þéttbýlisins á Stöðvarfirði. Í ofangreindri breytingartillögu felst að atvinnuhúsnaði verði breytt í íbúðarhúsnaði og breytist reitur þess úr iðnaðarsvæði í íbúðasvæði. Svæði sem íbúðarhús stendur á og var skilgreint sem opið svæði verður íbúðasvæði.


Iðnaðarsvæði


Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hvers konar iðnaður var stundaður í atvinnuhúsnaði því sem nú er tillaga um að breyta. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að gengið sé úr skugga um að ekki sé um mengun frá fyrri starfsemi að ræða á svæðinu eða í jarðveginum.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur